



Vesturbæjarskóli

VIRÐING · VELLÍÐAN · VELGENGNI

Teymiskennsla

Teymiskennsla í 1. – 4. bekk í Vesturbæjarskóla



2017-2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Vesturbæjarskóli.....	3
3. Teymiskennsla	3
4. Niðurstöður	5
4.1 Teymiskennsla í 1. bekk.....	6
4.1.1 Viðhorf kennara.....	6
4.1.2 Viðhorf nemenda.....	6
4.2 Teymiskennsla í 2. bekk.....	7
4.2.1 Viðhorf kennara.....	7
4.2.2 Viðhorf nemenda.....	7
4.3 Teymiskennsla í 3. bekk.....	7
4.3.1 Viðhorf kennara.....	8
4.3.2 Viðhorf nemenda.....	9
4.4 Teymiskennsla í 4. bekk.....	9
4.4.1 Viðhorf kennara.....	9
4.4.2 Viðhorf nemenda.....	11
4.5 Viðhorf foreldra í 1. – 4. bekk.....	11
5. Samantekt.....	12
Heimildir	15
Viðauki 1	16
Viðauki 2	17
Viðauki 3	18
Viðauki 4.....	19
Viðauki 5.....	21

1. Inngangur

Á þessu skólaári 2017-2018 ákváðu kennarar á yngsta stigi í samráði við stjórnendur að þróa teymiskennslu sem felst í að auka samábyrgð kennara á nemendum, kennslu og námi þeirra og blanda nemendum meira saman í árgangnum. Í þessari samantekt verða skoðaðar þær breytingar sem gerðar hafa verið á teymiskennslu í vetur í 1. - 4. bekk og hvernig fyrirkomulagið hefur gengið að mati kennara, nemenda og foreldra. Skoðaðar eru fræðilegar heimildir og niðurstöður rannsókna á teymiskennslu. Fjallað er um hvað teymiskennsla er og hver markmið hennar eru fyrir nemendur og kennara. Upplýsingar um undirbúning, skipulag og framkvæmd var aflað frá kennurum og sýn þeirra á teymiskennslu og viðhorf. Send var rafræn könnun á foreldra til að afla upplýsinga um þeirra upplifun og fyrirkomulagið rætt við nemendur á bekkjarfundum. Í lokin eru helstu niðurstöður dregnar saman og fjallað um kosti, galla og tækifæri í teymiskennslu.

2. Vesturbæjarskóli

Í Vesturbæjarskóla er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingsins með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsefni. Ásamt því að leggja áherslu á einstaklingsbundna kennslu er leitast við að efla samvinnu nemenda með því að gefa þeim kost á að vinna saman og er samvinna árganga mikil. Skólinn starfar samkvæmt sveigjanlegum kennsluháttum þar sem lögð er áhersla á sveigjanlega stundaskrá, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu, blöndun árganga og stuðning inni í almennum bekkjum. Námsmat er einstaklingsmiðað. Í Vesturbæjarskóla er áhersla lögð á að skapa nemendum þroskavænlegt- og námshvetjandi umhverfi og tengja list- og verkgreinar sem mest öðrum námsgreinum. Samkennsla er ekki ný af nálinni í Vesturbæjarskóla og hefur einkennst af samkennslu aldurshópa í hringekjum, vali og samvinnu nemenda og kennara milli árganga. Með teymiskennslu er gengið lengra, það er að tveir eða fleiri kennarar eru gerðir sameiginlega ábyrgir fyrir tilteknum nemendahópi og kenna saman, að minnsta kosti að einhverju marki.

3. Teymiskennsla

Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að ná betri árangri. Þegar fleiri koma saman verða til fleiri hugmyndir. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi, þau skapa námsumhverfi og nýjar þjargir og umræðu um kennslu og nám. Skólaþróun snýst um að gera skólana að betri stað til náms og þroska fyrir nemendur, jafnframt því að styrkja hæfni skólasamfélagsins til að stjórna breytingum (Hopkins, 2001). Slík teymi nálgast kennsluna á nýjan hátt þar sem farið er dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra. Kennarar í teymunum þurfa að setja sér skýr markmið hvað varðar kennslu og nám og hvernig þeir geti bætt starf sitt (Jolly, 2007).

Markmið með teymiskennslu er:

- að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu og sameiginlegri ábyrgð.
- að efla kennara í starfi og styðja við skólaþróun.
- að skapa heildstæða kennslu árganga þannig að litið verði á árganginn sem eina heild.
- að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir betur til að koma til móts við mismunandi þarfir, þroska og getu nemenda í einstaklingsmiðuðu námi.
- að styrkja nemendur félagslega og að þeir læri að takast á við breytingar.
- að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir í námi sínu og læri að vinna saman í fjölbreyttum hópi.

Teymiskennsla felur í sér sameiginlega ábyrgð tveggja eða fleiri kennara á námi nemenda, kennslu, daglegum samskiptum og samstarfi með nemendahóp. Þeir vinna náið saman með nemendahóp og bera sameiginlega ábyrgð á námi, líðan og kennslu nemenda. Teymið lærir jafnframt saman í gegnum félagsleg samskipti og orðræðu, það er námsteymi (Andersen og Peterson, 1998; Goetz, 2000; Kroll-Schwartz, 2004; The Northern Nevada writing project Teacher-researcher group, 1996).

Almenn sátt er meðal fræðimanna um gildi samvinnu kennara fyrir skólastarf. Rannsóknir hafa sýnt að kennarar sem vinna mikið saman eru tilbúnari til að reyna nýja hluti, taka áhættu og leita leiða við að bæta sig í starfi. Þar kemur einnig fram að kennarar telja betra að kenna saman en að kenna einir. Samskipti og samvinna meðal kennara gefur þeim aðgang að nýjum hugmyndum, skapar virkni og eflir siðferðislegan stuðning til að ná betri árangri með nemendum þeirra (Hargreaves, 2001).

Í niðurstöðum rannsóknar á starfsháttum grunnskóla á árunum 2008-2013 á Íslandi, Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar, kom fram margt áhugavert hvað snertir teymiskennslu. Rannsóknin náði meðal annars yfir viðhorf til skóla og skólastarfs, námsumhverfis, stjórnun og skipulags og kennsluhætti. Allir þátttakendur í rannsókninni lögðu mikla áherslu á aukinn sveigjanleika og skipti þar engu hver tjáði sig, starfsmenn, stjórnendur eða nemendur. Höfundar rannsóknarinnar álykta að víðtæk sátt sé um aukinn sveigjanleika í samfélaginu þótt ólíkar skoðanir geti verið á því hver birtingarmyndin eigi að vera (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014 bls. 82, 84). Í rannsókninni komu fram tengsl á milli ríkjandi kennslufyrirkomulags, starfsanda og starfsumhverfis þar sem afstaða til þessara þátta var jákvæðari í teymiskennsluskólum. Niðurstöður benda til þess að kennsluhættir í teymiskennsluskólunum hafi um margt verið einstaklingsmiðaðri en í bekkjarkennsluskólunum og kennslu- og námsmatsaðferðir fjölbreyttari. Opinská og gagnrýnni umræða um skólastarfið var hvað mest í skólum þar sem heildarfyrirkomulag kennslu einkenndist af samvinnu og teymiskennslu og eru þessar niðurstöður svipaðar þeim sem Tschannen-Moran (2009) hefur komist að um jákvæð áhrif opinna og heiðarlegra samskipta sem byggjast á trausti, samábyrgð og samstarfi og góðum starfsanda (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014 bls. 96, 98, 110, 153). Höfundar benda

á að niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að þar sem ríkjandi kennslufyrirkomulag einkennist af samvinnu og teymiskennslu sé starfsandi betri og hvetja til þróunarverkefna um margvíslega samvinnu (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014 bls. 342).

Til að teymisvinnan verði árangursrík þurfa kennarar að byrja á því að ræða væntingar sínar til teymiskennslunnar, þeir þurfa einnig að ræða hvaða viðhorf og gildi þeir hafa til náms, kennslu og til nemenda. Við erum ekki eins og við lítum ekki sömu augum á nemendur, nám og kennslu en það er einmitt einn kostur teymiskennslunnar. Hópurinn þarf ekki að vera samhljóða um alla hluti heldur þarf teymisvinnan að einkennast af gagnkvæmum skilning, virðingu og trausti (Kroll-Schwartz, 2004). Nauðsynlegt er að nýtt teymi gefi sér tíma til að ræða væntingar og viðhorf sín til náms og teymiskennslunnar og ef til vill að setja sér siðareglur um samvinnu og samskipti. Í slíkri samræðu mætti ræða siði, þarfir, venjur og reglur einstaklinga innan teymisins og skólans. Slík samræða styrkir og styður skipulag og menningu teymisins og auðveldar meðlimum að meta vinnu sína.

Rannsóknir benda til þess að teymiskennsla geti haft jákvæða félagslega þýðingu fyrir nemendur (Boyer og Bishop, 2004; Kiefer og Ellerbrock, 2012, Pounder, 1999). Einnig eru til rannsóknir sem sýna að teymiskennsla stuðli að betri hegðun nemenda og ástundun (Miller, 2013), sem og að jákvæðum viðhorfum til náms, kennara og skóla (Arhar, 1990; Cotton, 1982).

Niðurstöður rannsókna gefa vísbendingar um að faglegar samræður og starfsánægja kennara verður meiri í teymiskennslu sem leiðir til þess að árangur og líðan nemenda verði betri (Svanhildur María Ólafsdóttir, 2009). Bættur árangur nemenda og betri líðan í skóla er það sem skiptir meginmáli í öllu skólastarfi og ef teymiskennsla hefur áhrif á þá þætti, ber að efla hana eins og hægt er.

4. Niðurstöður

Við mat á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2017-2018 var upplýsinga aflað um viðhorf og upplifun kennara, nemenda og foreldra af teymiskennslu. Kennarar ræddu saman í teymunum um skipulag vetrarins, áhrif teymiskennslu á nám nemenda og starf kennara, kosti, galla og tækifæri teymiskennslu. Kennarar voru spurðir út í viðhorf þeirra til og reynslu af teymiskennslu og áframhaldandi þróun (Viðhengi 1). Kennarar ræddu við nemendur á bekkjarfundum um upplifun þeirra á fyrirkomulaginu í vetur og skráðu hjá sér. Í framhaldi gerðu nemendur í 3. og 4. bekk einstaklingsmat á teymiskennslu sem fólst í því að gefa fyrirkomulaginu þrjár stjörnur (hrós) og koma með eina ósk fyrir næsta skólaár. Nemendur voru upplýstir um hvernig niðurstöðurnar eru nýttar til að bæta náms- og starfsumhverfi nemenda og kennara og búa til betri skóla (Viðhengi 2). Upplýsinga var aflað frá foreldrum með spurningakönnunum um viðhorf þeirra til teymiskennslu og líðan barna þeirra þetta skólaár (Viðhengi 3).

4.1 Teymiskennsla í 1. bekk

Það sem einkennir teymiskennsluna í fyrsta bekk í vetur var að hópnum var skipt í fjóra tíu manna hópa. Kennarar hafa sameiginlega umsjón með nemendum. Ef hafa þarf samband við foreldra hefur sá kennari sem er með barnið í hóp hverju sinni samband. Ef annar kennarinn forfallast getur hinn gengið í málið. Ef upp koma vandamál er reynt að bregðast við strax. Kennarar ræða mikið saman um nemendur og halda skráningu um samskipti við foreldra. Kennarar hafa sitthvora stofuna til umráða og nemendur flæða á milli. Kennarar vinna í sameiningu að öllum undirbúningi fyrir kennslu, vali á námsefni og kennsluaðferðum, bekkjarstjórnun og námsmati. Kennarar leggja áherslu á að sömu reglur gildi fyrir allan hópinn. Kennarar tóku fyrsta viðtal vetrarins saman í upphafi skólaárs. Kennarar skiptu svo samráðsfundum í október og janúar með nemendum og foreldrum á milli sín. Ef funda þarf með foreldrum nemanda mæta báðir kennarar á fundinn. Kennarar höfðu orð á því að þeir geta alltaf treyst á hvorn annan.

4.1.1 Viðhorf kennara

Kennararnir telja það kost fyrir nemendur að þeir kynnast fleirum, hægt er að koma frekar til móts við nemendur strax og auðvelt er að breyta hópum ef þarf. Nemendur fá það besta frá hverjum kennara og njóta mismunandi styrkleika þeirra. Ef kennari forfallast hafa þau alltaf umsjónarkennara til staðar og það hefur lítil áhrif á skólastarfið. Kennararnir gátu ekki talið upp neina galla á teymiskennslunni eins og hún var skipulögð þetta skólaárið. Kostir fyrir kennara er þessi sameiginleg ábyrgð og samtal um nemendur. Kennurunum fannst gott að fá að kynnast öllum nemendum í árgangnum og voru mjög ánægðir með samstarfið og allt fyrirkomulag teymiskennslunnar. Þeir gallar sem kennarar gátu bent á voru aðallega tengdir tölvuvandamálum og skipulagningu hópa en voru bjartsýnir á að hægt væri að finna lausnir á þeim vanda.

Kennarar árgangsins sögðu allt hafa gengið vel og líklegt væri að margt yrði líkt á næsta skólaári. Kennararnir bentu á að varast ætti að skipta nemendum í fyrsta bekk strax í hópa þar sem þeir þekktu ekki börnin. Gott væri að gefa nemendum og kennurum tvær til þrjár vikur til að kynnast áður en hópaskipting væri gerð. Mikilvægt er að það komi fram að hópar geta breyst. Kennurunum fannst hafa gengið mjög vel að skipta nemendum í fjóra hópa með tvo kennara. Mögulega væri hægt að skipta nemendum í fleiri hópa. Kennararnir eru mjög jákvæðir gagnvart teymiskennslu og vilja gjarnan halda áfram að kenna samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

4.1.2 Viðhorf nemenda

Áhugaverðar umræður sköpuðust hjá nemendum í 1. bekk um fyrirkomulag vetrarins. Það helsta sem fram kom var að kostir við hópaskiptingar og blöndun er að maður kynnist fleirum. 1. bekkingar voru með nokkrar óskir: að horfa oftar, meira frjálst, fleiri ferðir (trampólíngarður, húsdýragarður, útlönd, sund), velja nöfn á hópa og heimilisfræði í vali.

4.2 Teymiskennsla í 2. bekk

Kennarar í 2. bekk hafa skipulagt starfið í vetur mikið saman og skipt með sér verkefnum. Eftir áramót voru gerðar miklar breytingar hjá hópnum þar sem árgangurinn þurfti að flytja sig yfir í útikennslustofur vegna framkvæmda í skólahúsnæðinu. Á sama tíma ákváðu kennarar að breyta fyrirkomulagi teymiskennslunnar og blanda hópnum meira saman og breyta umsjóninni í sameiginlega umsjón í 12 vikur.

4.2.1 Viðhorf kennara

Helstu kostir teymiskennslunnar er hvað áhrif þetta hefur félagslega, kennarar hafa séð jákvæðar vinatengingar og börnin eru ekki eins feimin. Auðvelt er að breyta hópum ef þarf. Einnig er það kostur að nemendur hafa þrjá kennara í staðinn fyrir einn. Það getur verið kostur bæði fyrir nemanda og kennara að breyta reglulega um hóp. Það er góður stuðningur sem fylgir því að fleiri kennarar komi að nemendum sem eiga í erfiðleikum.

Kennarar nefndu helsta ókostinn vera að þeir þekki ekki nemendur eins vel og þegar þeir eru með einn bekk og eru hræddir um að þeir tynist. Þeir telja að erfitt geti verið að halda utan um svona stóran hóp. Helstu gallar teymiskennslunnar að mati kennaranna eru að sumir nemendur þola ekki þetta frelsi sem felst í breytingunni og fyrirkomulagið getur verið erfitt fyrir börn með kvíða.

Það sem kennararnir sögðu að hefði gengið vel var að allt skipulag var vel unnið og hópaskiptingar gengu vel. Krakkarnir voru spenntir fyrir hópaskiptingum. Kennurunum fannst erfitt að svara því hvort þeir vildu halda áfram með teymiskennslu því svo lítil reynsla væri komin á þetta. Margir þættir gætu spilað inn í eins og flutningar og fleira. Allir voru sammála um að það væru kostir og gallar við þetta fyrirkomulag teymiskennslunnar. Tveir kennarar af þremur sögðust hafa áhuga á því að þróa teymiskennslu áfram, einn vildi ekki taka afstöðu með eða á móti.

4.2.2 Viðhorf nemenda

Það sem nemendur í 2. bekk voru ánægðir með og gáfu stjörnu var að í þessu fyrirkomulagi kynnast þau fleiri krökkum, eignast nýja vini og í vali er hægt að velja það sama og vinur. Ósk þeirra fyrir næsta skólaár er að skemmtilegt væri að vera alltaf með besta vini. Nemendur ræddu um kosti og galla og voru helstu kostir þess að í vali er hægt að velja sama og vinur velur, skemmtilegt að eignast nýja vini, maður kynnist fleiri krökkum og finnur fleiri vini og gaman er að breyta til. Helstu gallar voru að það náðu ekki allir hóparnir að hittast (þar sem við vorum bara tólf vikur til prufu), maður er ekki alltaf með vini, maður getur misst gamla vini því þeir kynnast öðrum og maður hittir vini bara tvær vikur í einu.

4.3 Teymiskennsla í 3. bekk

Í upphafi skólaárs var nemendum árgangsins skipt í tvo hópa, A og B hóp, þar sem tveir kennarar fóru með umsjón sitthvors hópsins. Nemendur blönduðust strax mikið í skólastarfinu, sem dæmi alltaf í síðustu lotu hvers dags. Í janúar var ákveðið að skipta nemendum í fjóra hópa og láta þá rúlla

samkvæmt ákveðnu kerfi á tveggja vikna fresti á milli kennaranna. Í breytingunni fólst einnig að nú var ábyrgð kennaranna sameiginleg fyrir allan nemendahópinn. Kennararnir segja að mikið og náið samstarf einkenni teymiskennsluna í vetur. Kennararnir segjast ræða mikið saman um kennsluna og nemendur og skipuleggi allt starfið í sameiningu. Þeir segjast oft vera sammála og að mikilvægt er að geta rætt málin til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og prófa nýjar. Kennararnir segja mikilvægt að þeir séu samstíga í því sem verið er að gera og hvernig unnið er með nemendum. Ef eitthvað kemur upp hjá nemanda gengur sá kennari sem er með barnið hverju sinni í málið en hinn kennarinn er alltaf upplýstur um stöðu mála. Eins er þegar hafa þarf samskipti við foreldra.

4.3.1 Viðhorf kennara

Kostir teymiskennslunnar í vetur fyrir nemendur eru meðal annars bætt vinatengsl. Með meiri blöndun nemenda hafa þeir um fleiri vini að velja úr. Áhugavert hefur verið, að mati kennaranna, að fylgjast með börnum sem áttu erfitt með að mynda vinatengsl fyrir áramót eignast vini í nýju fyrirkomulagi. Kennararnir segja það kost fyrir nemendur að vera ekki alltaf með sömu krökkunum í hópi af ýmsum ástæðum. Nemendur fá að njóta sín í mismunandi aðstæðum og hópum og eru ekki alltaf bundnir því að vera með vinum sínum. Kennararnir segja það einnig kost að nemendur hafa fleiri en einn kennara til að leita til. Kennarar sögðust taka eftir því að meiri ró einkenndi hópinn eftir áramót en fyrir áramót og vildu meina að nemendur væru lítið að hugsa út í þessa miklu blöndun sem fylgir teymiskennslunni. Kostur er fyrir kennara að fá að kynnast fjölbreyttum hópi nemenda. Kennurunum finnst gott að vera ekki alltaf með sömu nemendurnum og segja að mismunandi orka sé í mismunandi hópum. Það getur verið kostur bæði fyrir kennara og nemendur að fleiri komi að málum nemenda. Einn kennari kennir námshópnum nokkra tíma í viku og segir fyrirkomulagið ganga vel í 3. bekk. Kennarinn fær 1/3 af árgangnum til sín tvisvar sinnum í viku. Kennarinn fær ákveðna nemendur til sín yfir ákveðið tímabil. Kennararnir voru sammála um að starfið í vetur hefði gengið mjög vel og voru sammála um að vilja halda áfram að þróa teymiskennslu.

Galli teymiskennslunnar að mati kennaranna er hættan á að nemendur tynist, þeir nemendur sem lítið fer fyrir. Kennararnir ræddu um að þeir upplifðu að erfiðara væri að hafa yfirsýn yfir stöðu nemenda. Kennararnir voru ekki þó ekki alveg tilbúnir að kenna teymiskennslunni um og ræddu að mögulega væri ástæðan sú að þetta væri fyrsta árið þeirra með þennan hóp. Hver sem ástæðan er verður bara að finna lausn á því. Helsti galli teymiskennslunnar sem kennararnir gátu bent á birtist í skipulagi varðandi áætlun en kennararnir voru sammála um að alltaf væri hægt að finna lausnir á öllum vanda. Það sem kennurunum þótti erfitt var að halda utan námslega yfirsýn. Kennararnir voru með ákveðnar hugmyndir um það hvernig þeir gætu leyst þetta verkefni næsta vetur.

Kennurunum fannst ekkert sérstakt hafa gengið illa í vetur sem ekki væri hægt að finna lausn á. Kennararnir voru sammála um að fjórskiptingin hefði gengið mjög vel. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi

Þess að kennarar séu samstíga í því sem verið væri að gera. Mikilvægt væri að geta verið hreinskilinn og geta rætt hvernig gengur. Kennararnir vildu benda á að stjórnendur yrðu að taka tillit til og vera meðvitaðir um álagið sem fylgir því þegar kennari í teymi forfallast til lengri tíma.

4.3.2 Viðhorf nemenda

Nemendur ræddu um skipulag vetrarins á bekkjarfundi með kennurum sínum. Í kjölfar umræðanna gaf hver nemandi fyrirkomulaginu þrjú hrós og kom með eina ósk fyrir næsta vetur. Flestir nemendurnir voru mjög jákvæðir gagnvart fyrirkomulaginu. Langflestir nefndu að auðveldara væri að eignast vini og gaman væri að kynnst fleirum en bara þeim sem höfðu verið með þeim í bekk. Einn nemandi sagði: „Mér finnst gott að við fengum að kynnst hvort öðru.“ Flestir nefndu einnig hvað það væri gott og gaman að eiga fleiri kennara. Einn sagði: „Kennararnir þekkja mig.“ Margir sögðu það skemmtilegt að skipta um stofur reglulega og þó nokkrir nefndu að vinnufriður væri meiri. Áhugavert var að sjá hversu margir í 3. bekk óska eftir því að vínahópar verði teknir upp aftur. Flestir óska eftir því að fá að vera með vinum sínum næsta vetur. Einn nemandi sagði: „Hafa þetta, alltaf þetta.“ Tveir nemendur sögðust vilja vera í sömu stofu með sömu krökkum. Ábendingar komu um að það þyrfti að stækka skólalóðina og gott væri að vera með stærri skólastofur.

4.4 Teymiskennsla í 4. bekk

Í upphafi skólaárs ákváðu kennarar í 4. bekk að skipta nemendum í hópa og búa til kerfi þar sem nemendur blandast reglulega og eru í ákveðin tímabil með hverjum kennara. Nemendum var skipt í sex hópa. Skýrt var í upphafi að hóparnir gætu breyst. Taka skal fram að tekið var viðtal við tvo kennara úr þriggja kennara teymi þar sem einn kennari var í veikindaleyfi.

Kennararnir sögðust meta það hverju sinni hvort breyta þyrfti hópunum þá með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Fyrirkomulaginu fylgir sameiginleg ábyrgð kennaranna þriggja á öllum nemendum í 4. bekk. Kennarar sjá oftast um samskipti við foreldra og allt utanumhald þegar nemendur eru hjá þeim í hópi eins og á samráðsfundum en hjálpast mikið að. Breytt hefur verið um hópa á þriggja vikna fresti en í apríl var ákveðið að breyta örar, þ.e. á tveggja vikna fresti og voru kennararnir ekki frá því að það skipulag hentaði betur. Kennararnir sögðust skipuleggja allt skólastarfið saman og oftast væri verið að vinna það sama í öllum stofum. Í upphafi gekk erfiðlega að finna gott skipulag fyrir áætlun en það komst fljótlega í lag og kennararnir hittast alltaf fyrir skipti, eins og það er kallað þegar nemendur skipta um hópa og rými, og fara yfir áætlun nemenda. Í samstarfinu eru allir kennararnir inni í öllum málum. Það er tímafrekt en að sögn kennaranna hefur það að þeirra mati dregið úr álagi í starfi. Kennararnir ræddu tækifæri á að skipta meira með sér verkum til dæmis eftir áhugasviði.

4.4.1 Viðhorf kennara

Kostir teymiskennslunnar er að þegar vantar einn kennara þá hafa nemendur tvo aðra kennara að leita til. Alltaf er til staðar einhver fullorðinn sem nemendur þekkja og geta treyst. Þar sem hóparnir breytast

reglulega er það aldrei svo að einn hópur missir kennarann sinn þegar kennari forfallast til lengri tíma. Kennararnir telja tækifæri felast í teymiskennslunni til að geta mætt öllum nemendum varðandi líðan og félagslega þarfir. Kennararnir nefndu að í upphafi skólaárs höfðu ákveðnir foreldrar áhyggjur af barninu sínu vegna fyrirkomulagsins. Í lok skólaárs voru kennarar og foreldrar sammála um að börnin hefðu vaxið og dafnað í þessu fyrirkomulagi. Hægt er að hvíla nemendur á krefjandi hópum og nemendur tengjast kennurum á mismunandi hátt. Kennurunum fannst áhugavert að fylgjast með félagslegri þróun hópsins. Gerð var könnun á félagslegri stöðu nemenda fyrir og eftir áramót þar sem fram kom í niðurstöðum að nemendur væru orðnir jafnari félagslega. Kostir teymiskennslunnar fyrir kennarana er að þeir eru ekki bundnir heilt skólaár með einn ákveðinn hóp. Með sameiginlegri ábyrgð upplifa kennararnir sig sterkari til að takast á við ýmis vandamál sem upp koma. Ef nemandi tengir ekki við kennara hefur hann möguleika á að mynda tengsl við annan kennara.

Galli við teymiskennsluna er þegar kennari forfallast til lengri tíma hve álagið eykst á hina kennarana. Kennararnir fundu að þetta hafði líka áhrif á nemendahópinn. Kennararnir voru sammála um að í þessu mikla flæði væri festa og regla sérstaklega mikilvægt. Kennararnir ræddu kosti og galla þess að þeir taka forföll í hópnum og stjórnendur mættu taka tillit til þess. Galli á teymiskennslu er að finna leið til að hafa meiri yfirsýn yfir nám nemenda, en kannski líka kostur. Einn kennari kennir námshópnum nokkra tíma í viku og finnst fyrirkomulagið ekki ganga vel. Kennarinn kennir hverjum hópi tvisvar í viku og hóparnir breytast þegar skipti eru í stofum í árgangnum. Kennaranum finnst erfitt að halda utan um hópinn, á erfiðara með að kynnast þeim og mikill tími fer í að raða námsgögnum þegar skipti eiga sér stað

Kennararnir sögðust hugsanlega hafa meiri faglega sýn á stöðu nemanda í þessu fyrirkomulagi. Það væri allt öðruvísi en að vera alltaf með sömu nemendurna. Sögðu þeir tækifæri felast í því að finna leiðir til að halda betur utan um nemendur. Það sem kennurunum hefur fundist erfitt í vetur er þegar starfsfólk skólans er neikvætt út í fyrirkomulagið. Mikilvægt er að ræða teymiskennslu í öllum starfsmannahópnum um markmið hennar og það námsumhverfi sem hún skapar. Það sem gekk ekki vel í vetur að mati kennaranna var að í upphafi voru skúffur og sameiginleg gögn frammi á göngum. Kennararnir voru sammála um að í upphafi skólaárs væri mikilvægt að ræða hvernig teymið ætlar að vinna eins og að samræma reglur og vinnulag t.d. varðandi umgengni. Mikilvægt væri einnig að taka svo stöðuna reglulega. Mikil vinna var í kringum samráðsdaga þar sem kennarar ræddu stöðu hvers einasta nemenda fyrir viðtölin. Kennararnir voru sammála um að það væri mjög mikilvægt en tímafrekt. Kennurunum fannst gott að eiga möguleika á því að vera saman í einhverjum viðtölum án þess að það þætti skrýtið.

Viðhorf kennaranna í teyminu til teymiskennslu er mjög jákvætt og er mikill áhugi fyrir því að halda áfram að þróa teymiskennslu. Einn kennarinn hafði orð á því að teymiskennsla væri lifandi kennsluháttur og skemmtilegra væri að vinna í slíku umhverfi. Alltaf er verið að takast á við nýja hluti,

nálgunin verður önnur og maður verður víðsýnni. Mikilvægt er að hafa góða samstarfsmenn þegar fólk vinnur svona mikið og náíð saman. Mikilvægt er að aðilar innan teymis sýni hverjum öðrum virðingu og byggi upp traust. Stjórnendur gegna mikilvægu hlutverki í að setja saman teymi og verða að vanda til verks þegar það er gert. Kennarar þurfa þjálfun og leiðsögn í því að vinna saman.

4.4.2 Viðhorf nemenda


Nemendur ræddu um skipulag vetrarins á bekkjarfundi með kennurum sínum. Í kjölfar umræðanna gaf hver nemandi fyrirkomulaginu þrjú hrós og kom með eina ósk fyrir næsta vetur. Flestir nemendurnir voru mjög jákvæðir gagnvart fyrirkomulaginu. Lang flestir nefndu að þeir væru búnir að kynnast fleiri krökkum og eignast vini. Einn sagði: „Ég leik rosa mikið við krakka sem voru ekki með mér í gamla bekknum.“ Nemendur voru langflestir mjög ánægðir með kennarana sína og að fá að kynnast fleiri kennurum en bara einum umsjónarkennara. Einn sagði: Eigum svo marga kennara og þeir eru rosalega skemmtilegir.“ Nokkrir nefndu að það væri gaman að skipta um stofur, einn sagði: „Ég elska að vera alltaf að skipta.“ Tveir nemendur óskuðu eftir því að fá gamla bekkinn sinn aftur næsta vetur. Einn nemandi kom með þá hugmynd að leyfa gömlu bekkjunum að vera saman í einn dag. Nokkrir óskuðu eftir lengri matartíma næsta ár og tveir nemendur vilja fá trampólín gólf.

4.5 Viðhorf foreldra í 1. – 4. bekk

Alls tóku 122 þátt í könnuninni sem send var til foreldra. Í 1. bekk tóku 25 foreldrar þátt, í 2. bekk 36, í 3. bekk 24 og í 4. bekk tóku 37 foreldrar þátt. Alls sögðust 86, 8% foreldra vera á heildina litið ánægðir með Vesturbæjarskóla. 76,2% telja skólann koma til móts við þarfir barnsins síns og 14,8% sögðu hvorki né. 68,9% segja að barninu sínu líði vel í nýju kennslufyrirkomulagi, 13,9% segja hvorki né og 17,2% eru ósammála því að barninu sínu líði vel í nýju fyrirkomulagi.

Barninu mínu líður vel í nýju kennslufyrirkomulagi.

122 svör



Í 1. bekk eru 20 foreldrar sammála því að barninu sínu líði vel í nýju kennslufyrirkomulagi og 4 segja hvorki né. Í 2. bekk eru það 18 foreldrar sem eru því sammála, 7 segja hvorki né og 10 foreldrar eru ósammála því að barninu sínu líði vel í nýju kennslufyrirkomulagi. Í 3. bekk eru 15 foreldrar sem eru sammála fullyrðingunni, 3 segja hvorki né og 5 eru ósammála. Í 4. bekk eru 29 foreldrar sammála því að barninu sínu líði vel í nýju kennslufyrirkomulagi, 3 segja hvorki né og 6 eru því ósammála.

82,8% segja að barnið sitt eigi marga góða vini í skólanum. 11,5% segja barnið sitt eiga einn góðan vin og 1,6% segja barnið sitt ekki eiga vin í skólanum. 71,3% segja upplýsingagjöf frá umsjónarkennurum vera góða, 23% segja hvorki né og 5,8% segja hana ekki góða.

Fjölmargar athugasemdir komu varðandi fyrirkomulag vetrarins. Nokkrir foreldrar nefndu að það þyrfti að bæta samskipti, leiðbeiningar og upplýsingaflæði milli foreldra og kennara og að fyrirkomulagið hefði mátt kynna betur í upphafi skólaárs áður en farið var af stað. Nokkrir komu með athugasemdir varðandi stóra hópa í tengslum við afmæli og vinahópa, erfitt væri að velja hverjum á að bjóða í afmæli. Einhverjir foreldrar nefna að barninu sínu hafi liðið mjög vel í fyrirkomulaginu og hafi eignast marga vini. Einn sagði að sitt barn upplifði óöryggi í kringum hópaskiptingar og nokkrir segja að þetta fyrirkomulag henti illa sínu barni. Einhverjir nefna að foreldrasamstarf hafi dalað í kjölfar þessara breytinga og að minna hafi verið um að vera í árgangnum. Margir nefna að barnið sitt hafi kynnst fleiri börnum og eignast fleiri vini í fyrirkomulaginu.

5. Samantekt

Samkenntla og teymisvinna hafa lengi verið þáttur í skólastarfi Vesturbæjarskóla. Teymiskennslan eins og hún var útfærð í vetur í 1. og 4. bekk og síðar á árinu í 2. og 3. bekk krefst mikillar samvinnu og trausts milli kennara. Margar góðar og áhugaverðar ábendingar komu frá kennurum, foreldrum og

nemendum sem hafðar verða til hliðsjónar þegar framhaldið um þróun teymiskennslu verður skipulagt. Hér verða dregnir saman kostir og gallar teymiskennslunnar út frá niðurstöðum og fjallað um tækifæri til umbóta.

Kostir

- Kennurum finnst faglegur stuðningur vera við það að vera í teymi.
- Nemendur kynnast fleirum, styrkir þá félagslega. Flestir nemendur nefna að þeir hafi kynnst fleirum og eignast fleiri vini.
- Ef kennari forfallast er annar kennari alltaf til staðar sem nemandi þekkir og treystir.
- Nemendur fá að njóta mismunandi styrkleika kennara.
- Börn læra að takast á við breytingar sem getur dregið úr kvíða.
- Sameiginleg ábyrgð kennara.
- Samtal um nemendur er mikilvægt.
- Kennurum finnst gott að fá að kynnast öllum nemendum í árgangnum.
- Nemendur fá að njóta sín í mismunandi aðstæðum.
- Nemendur eru ekki bundnir því að vera með vinum sínum.
- Fleiri kennarar koma að málum nemenda. Kostur að vera fleiri kennarar með stóran hóp.
- Allir kennarar eru inni í öllum málum, það er tímafrekt en dregur úr álagi.
- Kennarar eru faglega sterkari til að takast á við erfið mál.
- Það getur gerst að kennari og nemandi ná ekki saman og þá er gott að nemandinn hafi kost á því að tengjast öðrum.
- Betri vinnufriður skapast.

Gallar

- Tölvuvandamál.
- Skipulag getur verið flókið.
- Getur verið erfitt fyrir sum börn t.d. börn sem sýna kvíðaeinkenni (börn með kvíða geta líka eflst í þessu fyrirkomulagi).
- Kennarar upplifa að þeir þekkja börnin ekki eins vel.
- Kennarar eru hræddir um börn sem geta týnst, börn sem lítið fer fyrir.
- Getur verið erfitt að hafa yfirsýn yfir stóran hóp (Einhverjir sjá þetta sem kost þar sem fleiri koma að hópnum).
- Getur verið erfitt að halda utan um nám nemenda og áætlun.
- Einhverjir nemendur upplifa óöryggi í kringum skiptingar.
- Foreldrasamstarf hefur dalað og minna um að vera í árgangnum.

- Erfitt að bjóða í afmæli.

Tækifæri til umbóta

Í mannauðnum felast styrkleikar. Kennarar eru jákvæðir, lausnamiðaðir, faglegir, vanir samvinnu og áhugasamir um skólaþróun. Tækifæri felast í því að læra hvort af öðru og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp koma. Flestir kennararnir höfðu einhverjar áhyggjur af því að nemendur gætu týnst í kerfinu og að finna þyrfti lausn á því. Einhverjir foreldrar höfðu áhyggjur af því í upphafi að fyrirkomulagið myndi ekki henta barninu sínu en í lok skólaárs og voru margir mjög ánægðir og óskuðu eftir því að haldið yrði áfram. Tækifæri felast í því að bæta samskipti og upplýsingaflæði til foreldra og styrkja foreldrasamstarf. Mikilvægar ábendingar frá foreldrum komu fram í könnuninni sem þarf að skoða og finna leiðir til að bæta úr.

Rætt var um upphaf skólaárs og mikilvægi þess að teymi stilli saman strengi sína strax í upphafi. Ræða mætti verkefni teymisins, hvernig ákvarðanir eru teknir, fundamenningu, þróun teymisins og hvernig leyst er úr ágreiningi. Mikilvægt er að ræða viðhorf og sameiginlegt samkomulag í daglegu starfi með nemendum. Þá er átt við félagsleg samskipti, ágreiningsmál og lausn þeirra, hefðir, hvernig unnið er með áætlun, fyrirkomulag valsins, námsmat, leiðsagnarnám og önnur praktísk mál. Í þessa umræðu fyrir komandi skólaár verður stuðst við gátlista úr bókinni Team Teaching (1996) (Viðhengi 4). Ákveðið hefur verið að fara mun skipulegra í þessa þætti í upphafi næsta skólaárs. Að byrja í nýju teymi er mjög krefjandi þar sem kennarar þekkja ekki vinnulag hvers annars, styrk og getu. Þá hafa kennarar mismunandi væntingar og viðhorf til teymiskennslu. Teymin þurfa að staldra við reglulega og ræða stöðu teymisins. Til að vinna teymis verði markviss þarf að ræða reglulega um það hvert er stefnt og til hvers er ætlast af hverjum og einum. Teymið þarf með reglulegu millibili að ræða á gagnrýninn og hreinskilinn hátt um hvernig teymið vinnur og hvort það er að vinna í samræmi við þau markmið sem sett voru. Hver meðlimur fær tækifæri til að meta hvað gengur vel og hvað ekki. Á næsta skólaári verður markvisst rætt saman í teymunum um þessi atriði og komið með tillögur að umbótum (Viðauki 5). Einnig kom fram í viðtölum við kennarana að mikilvægt væri að ræða teymiskennslu og þetta fyrirkomulag sem hefur verið í þróun í vetur innan starfsmannahópsins. Einhverjir kennaranna höfðu upplifað neikvætt viðhorf til fyrirkomulagsins sem gæti verið vegna þess að ekki væri nógu mikill skilningur á því sem verið væri að gera.

Kennarar í 1. – 4. bekk voru flestir jákvæðir gagnvart því að halda áfram að þróa teymiskennslu í skólanum. Nemendur eru misánægðir með fyrirkomulagið eftir árgöngum en líður vel og hafa eignast vini í skólanum. Flestir foreldrar eru ánægðir með skólann og fyrirkomulagið. Foreldrar eru ánægðir með kennarana og treysta þeim og skólanum til að taka faglegar ákvarðanir um skólastarfið með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Heimildir

Arhar, J. (1990). Interdisciplinary teaming as a school intervention to increase the social bonding of middle level students. *Research in Middle Level Education: Selected Studies 1990*. Columbus: National Middle School Association.

Andersen, O. og Petersson, E. (1998). *Fra Teamarbejde til teamlæring. Nye krav til lærerorganisering*. København: Undervisningsministeriet forlag.

Boyer, S. J. og Bishop, P. A. (2004). Young adolescent voices: Students' perceptions of interdisciplinary teaming. *RMLE Online: Research in Middle Level Education*, 28(1), 1–19.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldarinnar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík (82, 84, 96, 98, 110, 153, 342).

Hargreaves, A. (2001). The emotional geographies of teachers relations with colleagues. *International Journal of Educational Research*. 35, 503-527.

Hopkins, D. (2001). *School improvement for real*. New York: RoutledgeFalmer.

Jolly, A. (2007). Team-Oriented Teaching. *Teacher magasin*. Sótt á vef í desember 2007 af <http://www.teachermagazine.org/tsb/articles/2007/10/25/01jolly.h01.html>

Kroll-Schwartz, S. (2004). *Teamets mappe*. Fredrikshavn: Dafolo A/S.

Miller, B. A. (2013). Joining forces: A collaborative study of curricular integration. *International Journal of Education & the Arts*, 14, 1–24.

Svanhildur María Ólafsdóttir. (2009). *Ef Teymiskennsla er svarið hver er þá spurningin?* Sótt af: <https://skemman.is/handle/1946/4000>

The Northern Nevada writing project. Teacher-researcher group. (1996). *Team Teaching*. Northern Nevada: Stenhouse Publisher.

Viðauki 1

Spurningar til að fá fram umræður og viðhorf teymisins til teymiskennslu.

1. Hvað einkennir teymiskennsluna í árgangnum í vetur? (Upplýsingar um fyrirkomulag teymiskennslunnar í vetur t.d. umsjón með nemendum, stofuskipan, undirbúningur kennslu, val á námsefni, kennsluaðferðir, bekkjarstjórnun og agamál, samskipti við foreldra, námsmat, þema ofl.)

2. Hverjir eru kostir og gallar teymiskennslunnar í vetur fyrir nemendur? Eru einhver tækifæri?

3. Hverjir eru kostir og gallar teymiskennslunnar í vetur fyrir kennara? Eru einhver tækifæri?

4. Hvað hefur gengið vel? (endurtaka það) Hvað hefur gengið illa? (varast að gera það aftur)

5. Hver eru viðhorf teymisins til teymiskennslunnar í vetur? Er áhugi fyrir því að halda áfram að þróa teymiskennslu?

Teymiskennsla

Þrjár stjörnur (hrós) og ein ósk









Viðauki 3

Kæru foreldrar

Þessi könnun er liður í mati á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2017-2018 í 1. – 4. bekk. Ef þið eigið barn í fleiri en einum af þessum árgöngum biðjum við ykkur um að svara könnuninni í samræmi við það svo við getum skoðað mun á milli árganga. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga. Við vonum að við getum nýtt okkur niðurstöðurnar til að bæta náms- og starfsumhverfi nemenda og kennara og búa til betri skóla.

1. Í hvaða árgangi átt þú barn?

2. Á heildina litið er ég ánægð(ur) með Vesturbæjarskóla.

Mjög sammála Sammála Hvorki né Ósammála Mjög ósammála

3. Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns.

Mjög sammála Sammála Hvorki né Ósammála Mjög ósammála

4. Barninu mínu líður vel í nýju fyrirkomulagi.

Mjög sammála Sammála Hvorki né Ósammála Mjög ósammála

5. barnið mitt á vini í skólanum.

Já, barnið mitt á marga vini í skólanum

Já, barnið mitt á einn góðan vin í skólanum

Nei, barnið mitt á ekki vini í skólanum

Veit ekki

6. Upplýsingagjöf frá kennurum um líðan og námslega stöðu barnsins míns og skólastarfið er góð.

Mjög sammála Sammála Hvorki né Ósammála Mjög ósammála

7. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri vegna teymiskennslunnar í vetur?

Viðauki 4

Upphaf teymiskennslu

Gátlisti fyrir kennara sem eru að vinna í teyllum og gott er að fara yfir í upphafi skólaárs. Kennarar sem kenna í teyllum segja að umræður og ákvarðanir um eftirfarandi málefni áður en þeir byrja að kenna saman hjálpi til við að koma í veg fyrir ágreining og geri teymið hæfara strax frá byrjun.

Skólastofan (rými, gögn, tími)

- Vinnuaðstaða
- Skápar, hirslur
- Húsgögn
- Borð
- Kennaraborð
- Gögn, bækur, búnaður
- Gögn, hvað er mitt? hvað er þitt? hvað er okkar?
- Skilrúm, hvernig skiptum við kennslurýminu í svæði?
- Heimakrökur
- Samvinna kennara (Hvenær? Hvernig? Hvar?)
- Hvaða námsgreinar á hver kennari að kenna?
- Hvað námsgreinar ætla kennarar að kenna saman?
- Námsmat
- Hver skráir námsmatið? Hvernig skiptum við því á milli okkar?
- Kennslustundaskema, vinnuskema

Þarfir, gildi og viðhorf

- Hávaðaþröskuldur
- Persónuleiki, styrkleikar og veikleikar
- Það sem ég veit um það hvernig ég læri
- Hvað finnst mér um kennsluna mína?
- Námskeið sem ég hef farið á?
- Dagskrá sem tengist daglegu lífi mínu (ná í börnin, námskeið o.fl.)
- Foreldrafundur (Minn? Þinn? Okkar?)
- Hvað vil ég gera betur í kennslunni?
- Félagslíf innan hópsins
- Hvað eigum við sameiginlegt?
- Hvað er ólíkt með okkur?
- Veikindi
- Kímnigáfa/leikræn tilprif
- Samvinnunám
- Hópvinna
- Hversu mikil sérfræðikunnátta? (námsgreinar, kennsluaðferðir)
- Þátttaka kennara með nemendum
- Hversu fljótt á að bregðast við ef beðið um hjálp

Bekkjarstjórnun

- Agi
- Reglur, væntingar
- Afleiðingar, viðurlög, refsingar
- Daglegar venjur í bekknum
- Hreyfing innan kennslurýmis
- Uppbyggjandi gagnrýni
- Samskipti, skilaboð til foreldra (hver sendir vikupóst?)

Úr bókinni Team Teaching

Reglulegar samræður

Til að vinna teymis verði markviss þarf að ræða reglulega um það hvert er stefnt og til hvers er ætlast af hverjum og einum.

Hvernig gengur okkur sem teymi?

- Hvernig gengur okkur sem teymi?
- Hver eru markmiðin okkar?
- Erum við að þökast áfram í átt að markmiði okkar?
- Eru markmiðin eitthvað farin að skolast til?
- Hvað hindrar okkur?
- Hvað getum við gert betur?

Hvernig líður meðlimum í teyminu með störf sín?

- Fá einstaklingar í teyminu að þróa þekkingu sína og njóta sín eins vel og hægt er í samstarfi teymisins?
- Er hlustað á okkur og fá hæfileikar okkar að njóta sín?
- Hefur hlutverk hvers og eins í hópnum breyst?
- Er vinnuálag svipað hjá öllum?
- Ríkir traust og virðing?
- Er tími til að ígrunda eigin kennslu og starf, með samræðu við hvert annað og þeim tilgangi að læra af þeirri ígrundun?

Ef ekki gengur vel þarf að meta hvað gerðist og hvers vegna það gerðist og gera síðan áætlanir um með hvaða hætti á að bregðast við.

- Hvað gekk vel? Endurtaka það.
- Hvað gekk illa? Varast að falla aftur í sömu gryfjurnar.
- Reyna nýja hluti og kannski þarf að byrja ferlið að nýju.
- Eru tillögur til úrbóta?